

Nd.

170. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 23 4. des. 1886, um prentsmiðjur.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

Í 2. gr. laganna, á eftir orðinu „skrifpappír“, bætist við svolátandi másl.: Eitt eintak skulu þær láta í té háskólabókasafninu í Reykjavík, og skal pappírsgæðunum svo háttað, að eigi séu önnur eintök ritsins eða ritlingsins prentuð á betri pappír.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

G r e i n a r g e r ð .

Menntamálanefnd flytur frv. eftir tilmælum hæstv. kennslumálaráðherra, og fylgdi því svolátandi greinargerð:

„Með erfðaskrá, dagsettri 3. apríl 1909, gaf próf. Finnur Jónsson Háskóla Íslands allar bækur sínar eftir sinn dag, og eignaðist háskólinn þá mjög verðmætt og mikilsvært bókasafn, einkum varðandi íslenska tungu, forníslenskar bókmenntir og sögu, og hefur það á þeim fáu árum, sem liðin eru síðan próf. Finnur dó, komið að mjög miklu gagni háskólakennurum, stúdentum og fræðimönnum. Með gjafabréfi, dags. 10. júlí 1935, gaf Benedikt S. Þórarinsson kaupmaður háskólanum hið mikla bókasafn sitt, sem hann hafði dregið saman með óþrjótandi elju og stórmiklum fékostnaði áratugum saman. Hann safnaði hvers konar íslenskum bókum, svo og bókum á erlendum tungum um Ísland, íslenska menn og menningu. Er vant að segja, hvað verðmætast er í hans bókasafni, en ætla má, að samfelldast sé safn hans af íslenskum bókum, blöðum og smáprenti frá 19. og 20. öld. Það þarf engum orðum að því að eyða, hve ómetanleg þessi gjöf er. Nú er í eigu háskólans gott safn íslenskra bóka og rita um tungu, bókmenntir og sögu þjóðarinnar fram á þennan dag. Er auðsæ þörf þess, að þessu bókasafni sé haldið áfram ár frá ári, og til þess eru lög þessi ætluð.“